

ur; „eg get þó lesið dálitið í Fræðunum.“ Tók hann um leið kver upp úr vasa sínum, fletti því upp og las nokkurn veginn reiprennandi: „Heiðra skaltu föður þinn og móður, svo að þér vegni vel, og þú verðir langlífur í landinu.“ „Þetta las eg í gær á leiðinni“—mælti hann við kaupmanniinn; „eg var orðinn þreyttur, og hafði setst undir tré eitt; lengra er eg ekki koniinn; því að heima varð eg ávalt að bera hann bróður minn litla; af því að móðir mínn var svo sjúk.“ „Eg vil vera faðir þinn“—sagði Richter kaupmaður. „Ef þú ert góður og iðinn, þá vil eg annast þig; eg skal láta kenna þér eitthvað, og gefa þér mat og drykk, og þegar þú verður stærri og getur sjálfur aðlað þér einhvers, getur þú, ef til vill, styrkt móður þína og systkin, og þannig fullnægt boðorði drottins.“

, Þetta var vel“—mælti pilturinn forviða, kysti á hönd kaupmanni og stökk upp af fögnuci. „En hún móðurinn hesur enn ekkert til matar“—mælti hann því næst, og varð alt í einu hljóður og sorghitinn. Kaupmaður létt senda móður hans bæði peninga og vist'r. Jafnframt fékk hún að vita, að pilturinn, sem hét Kristofer Gottlieb, yrði kyrr hjá kaupmanni, og mundi fá að læra eitthvað þarflegt. Pilturinn fékk brátt ný föt, og um miðdegis fór kaupmaður með hann heim til sín, og sagði konu sinni, hvernig á honum stæði, og hvað hann hefði í huga með hann.

Kristofer var hjá kaupmanni þessum í sex ár; fjögur beirra var hann í skóla, og tók hann þar góðum framförum, með því að hann var vel gáfaður og ávalt iðinn. Helming skotsilfurs þess, er fóstri hans gaf honum, sendi hann allajafna trúður sinni; og með styrk Richters höfdu kjör hennar batnað svo, að hún húrfsti ekki að liggja uppi á öðrum. Fyrir hinn helming skotsilfurs síns kevpti Kristofer pennafjaðir, og hafði hann numið af manni einum frá Hamborg að hreinsa þær og fága, og gat hann svo selt þær lágu verði, og þó með ábata. Á hennan hátt aðlaði hann sér fjárstofns nokkurs; en kaupmaður jók hann með því að setja hann á leigu. Fyrir sé betta kevpti hann hör og hamp, þá er hann einhverju sinni heimsótti móður sína. Vers'un þessi tókst honum svo vel, að eftir þriju ár átti hann fimm hundruð ríkisdali, en heim peningum varði fóstri hans til kauna á sekkjastriga. Og græddi Kristofer á fáum árum svo mikik við vreslun þessa, að peningar hans voru orðnir fimmán hundruð ríkisdalir. Þá er náms-timi Kristofers var liðinn, varð hann verslunarþjónn hjá fóstra sínum; var hann í þeirri staðu í fimm ár, og stundanasi gagn